

Fyrirspurn

til mennta- og menningarmálaráðherra um þjónustu menningarstofnana við byggðir landsins.

Frá Sigmundi Erni Rúnarssyni.

1. Hvað hefur Sinfóníuhljómsveit Íslands að jafnaði farið margar tónleikaferðir á ári út á land á síðustu fimm árum, flokkað eftir stöðum og hverju ári?
2. Hvað hefur Þjóðleikhúsið farið margar sýningarferðir út á land á síðustu fimm árum, flokkað eftir stöðum og hverju ári?
3. Hvað hefur leiklistarsvið Ríkisútvarpsins tekið upp mörg leikverk úti á landi á síðustu fimm árum?
4. Hvað hefur dagskrársvið Ríkisútvarpsins hljóðvarps unnið margar þáttaraðir fyrir Rás 1 og Rás 2 úti á landi á síðustu fimm árum?
5. Hvað hefur Listasafn Íslands sett upp margar sýningar úti á landi á síðustu fimm árum, flokkað eftir stöðum og hverju ári?

Skriflegt svar óskast.